

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Marinós Bjarna Kristjánssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar nr. 632/2000 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Skorradalshreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:	kr.
Sorpgjald A Lögbýli með búskap:	13.500
Sorpgjald B Tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi:	13.500
Sorpgjald C Lögbýli án búskapar:	7.000
Sorpgjald D Frístundahús, fullgerð og í byggingu samkvæmt FMR:	5.000
Sorpgjald E Íbúðarhús:	7.000

Gjald sem leggst á einu sinni með innheimtu byggingarleyfisgjaldi:	
Sorpgjald F Nýbygging frá 35 m <sup>2</sup> að 100 m <sup>2</sup> :	6.000
Sorpgjald G Nýbygging stærri en 100 m <sup>2</sup> :	9.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skorradalshrepps með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 294/2003 um sorpeyðingu í Skorradalshreppi.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 9. mars 2005.

*Grund, 13. mars 2005.*

**Davíð Pétursson** oddviti.